





Class B R 999

Book N6





PRESTA TAL OG PRÓFASTA

Á ÍSLANDI,

59
111

EPTIR

SVEIN NIELSSON,

PRÓFAST OG PREST AÐ STAÐASTAD;

GEFID ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÈLAGI.



KAUPMANNAHÖFN.

PRENTAD HJÁ BIANCO LUNO AF F. S. MUHLE.

1869.

BR999
N6

135551

09

Á átjándu öld höfum vèr fyrst orðið varir við, að menn hafi farið að rekja presta tal og prófasta á Íslandi. Áður fyr höfðu menn einúngis lögsögumanna raðir, biskupa og ábóta, svo sem finna má í stöku handritum frá því á þrettándu öld og síðan. Sá sem fyrst byrjaði að safna presta tali og prófasta var sira Jón Halldórsson í Hírtadal, og er til eptir hann í handritum ritlafn allmikið, sem hefir átt að halda nöfn og æfisögur presta og prófasta í Skálholts biskupsdæmi, einkanlega frá siðaskipta tímunum, eða hérumbil 1540, og til daga höfundarins. Útúr þessu safni dró Finnur biskup Jónsson, sonur sira Jóns, stutt presta tal og prófasta um Skálholts biskupsdæmi, og jók víða í eptir því sem hann fann í skjölum biskupsdæmisins. Þetta prestatal sendi hann síðan til Kaupmannahafnar, ásamt með kirkjusögu sinni, til Hannesar sonar síns, sem jók það enn og leiðrætti, og lét síðan prenta það með kirkjusögunni¹⁾. Þegar Hannes Finnsen var orðinn biskup, hèlt hann áfram að safna til prestatalsins og bæta það, sendi það síðan til hins íslenzka Lærðómslista félags með formála og skýringargreinum, og lét félagið prenta það í

¹⁾) Finn.Johann. *Historia ecclesiastica Islandiæ.* Tom. I—IV. Hafn. 1772—1778, 4to. — Prestatalið, eða «Recensus parochorum dioecesis Skalholtensis post reformationem», er prentað í Tom. IV, 265—321. Nöfnum prestanna er þar öllum snúið á Latínu.

ritum sínum¹. — Félagið óskaði þá mikilega, að fengizt gæti prestatal fyrir Hóla biskupsdæmi, lagað á sama hátt, og gat þess, að það mundi auðunnið verk, með því að búa til prestatalið eptir safni meistara Hálfdanar Einarssonar, stiptprófasteins á Hólum, því Hálfdan hafði samið presta tal og prófasta í Hóla biskupsdæmi með æfisögum þeirra, sem hann kallaði *Presbyterologia*, miklu fyllra en það, sem til var fyrir Skálholts biskupsdæmi, og gefið það safn sitt til skjalasafns biskupsdæmisins; en þessari ósk félagsins varð ekki framengt að því sinni.

Á þeim grundvelli, sem lagður var með þessum söfnum, sumum rituðum og sumum prentuðum, hafa ymsir byggt, og samið presta töl og prófasta, eða safnað til þeirra um meira eða minna hluta lands, og skal hér geta hins helzta, sem menn vita af að segja:

1. Magnús Stephensen safnaði og lét prenta í Eptirmælum átjándu aldar nafnatal og stutt æfiágrip þeirra manna, sem höfðu hin heldri embætti á höndum á Íslandi á þeirri öld, þar á meðal prófasta tal², sem nær yfir allt land; var það byggt á prestatali Hannesar biskups í Skálholts biskupsdæmi og Hálfdanar Einarssonar í Hóla biskupsdæmi, en Geir biskup Vídalín og Benedikt Gröndal höfðu átt þátt í að semja það.

2. Sira Brynjólfur Sigurðsson á Útskálum helt áfram prestatali Hannesar biskups í Skálholts biskupsdæmi lengi fram eptir um sína daga; það prestatal skrifaði sonur hans sira Sigurður Br. Sivertsen upp og bætti, og sendi síðan Bókmentaféluginu, sem hefir það í handritasafni sínu (Nr. 1 í 8 bl. br.)³.

¹) H. F. Prófasta og söknarpresta tal í Skálholts stipti síðan um siðaskipta tímann, í Ritum hins konunglega íslenzka Lærðómslista félags xi, 1—106.

²) Eptirmæli átjándu aldar. Leirárg. 1806, 8°, bls. 622—636. — Leirárg. 1806, 16°, bls. 269—294. — Island i det attende Aarhundrede. Khvn. 1808, 8°, bls. 376—382.

³) Handritasafn Bókmentafélagsins, Khðfn 1869, 8°, bls. 104.

3. Hallgrímur Jónsson, djákni að Þíngeyra klaustri († 1836), samdi presta tal og prófasta í Hóla biskupsdæmi frá því um siðaskiptin og til sinna daga, með stuttum æfisögum. Þetta prestatal er samið eptir *Presbyterologia* Hálfdanar Einarssonar, en aukið og bætt allvíða eptir ymsum skýrslum. Höfundurinn hefir sent þetta rit sitt Bókmentafélaginu, og er það í handritasafni þess (Nr. 17 í 4 bl. br.)¹.

4. Steingrímur biskup Jónsson helt áfram presta og prófasta tali Hannesar biskups, og bætti það og jók á ymsa vegu meðan hann entist til. Hann samdi einnig presta tal og prófasta í Hóla biskupsdæmi, með sömu tilhögun og er í prestatali Hannesar biskups í Skálholts biskupsdæmi. Þessi rit hans eru nú í stiptsbókasafninu í Reykjavík.

5. Daði Níelsson, sem var þjóðkunnur fræðimaður, þo hann væri ekki skólagenginn, og kallaður hinn fróði († 1857 ²), samdi prestaefir um allt land, og bygði á söfnum þeirra sira Jóns Halldórssonar, Hálfdanar Einarssonar og Hallgríms djákna. Þessar prestaefir eru mikið verk, og hafa sumir menn á Íslandi keypt sér afskriftir af þeim; ein af þeim er meðal handrita þeirra, sem Bókmentafélagið eignaðist eptir gjöf Guðmundar heitins Einarssonar, og er í handritasafni félagsins í Reykjavík; sú bók er nær 900 bls. í arkarbroti, og nær þó einungis yfir Skálholts biskupsdæmi³, en frumritið, sem tekur yfir allt land, mun án efa vera í eigu sira Sveins á Staðastað, bróður höfundarins.

6. Sira Sveinn Níelsson, prófastur í Snæfellsnes prófastsdæmi og prestur að Staðastað, hefir safnað lengi til prestatslals um allt land, með nokkuð svipuðu fyrirkomulagi og er á

¹⁾ Handritasafn Bókmentafélagsins, bls. 23.

²⁾ Þjóðólfur IX, 39.

³⁾ Handritasafn Bókmentafélagsins, bls. 228.

prestatali Hannesar biskups, en þó með ítarlegri skýrslum og fleiri dálkum, og fram haldið til núveranda tíma. Það er þetta prestatal, sem hann hefir boðið Bókmentafélaginu til prentunar og hér kemur fyrir alþýðu sjónir.

Það þarf ekki margort mál til að sýna, hversu fróðleg og nytsoð slík rit eru sem þessi. Hannes biskup Finnsson hefir skýrt frá því svo vel í formála prestatals síns, að oss má nægja að taka það upp eptir honum, meðfram vegna þess, að þetta rit hans er nú í fárra manna höndum. Hann fer um það þessum orðum:

«Að vita hvar, hversu lengi og hverir í einu landi hafi verið í embættum, og hver tekið hafi við af öðrum, er eigi einúngis fróðleikur, heldur og, þá verð þar með höfum áratölu hvers eins embættismanns, væri það ærið ljós fyrir sagnaskrifarann, ættartölu rekjandann og tímatala reiknandann. Að sjá, hverir samtíða hafa verið, eins jafnaldrar, sem hverir upp rennandi ásamt þeim, er höllum fæti hafa til moldar hnigið, er bæði yndi þeim, sem athugar mannanna kjör, hlutanna orsakir og umbreytingar, og einkum stuðníngur hinum, er rita vilja sögur föðurlandsins, eður æfir nafnfrægra manna. Sè tímatalið annað auga sagnaspekkinnar, svo sem það raunar er, þá meina eg óþarfa mál að orðlengja, hvílikt gagn væri að slíku registri embættismanna, sem áður hefi eg frá skýrt; því ættu menn og þeim lærðum löndum vorum þýðar þakkir að kunna, er til slíks vildu verja tíma og ómaki. En þetta að fullgjöra er eigi eins eða tveggja manna færi, heldur ef fleiri vildu samtaka verða, mundu margar hendur þar í lett verk vinna; og svo sem ekkert er í fyrstu algjört, ætti einn eptir annan þar við að bæta, og þar til að taka, hvar annar hefir frá horsið, því jafnvel þó sá hasi stærsta æru forskuldað, sem ísinn braut, þá er samt vel þiggjanda af hinum, er síðan til leggja hvað þeir geta».

Höfundur þessa prestatals, og þeir sem með honum hafa unnið að því, til þess að gjöra það sem bezt úr garði að nú var kostur á, hafa fylgt þessari reglu, og byggt á þeim grundvelli sem lagður var, en fært út byggínguna og aukið nokkuð tölувert, eptir þeim efnum sem nú voru fyrir hendi, og þó ætlað þeim er eptir koma að auka við og bæta með tímanum.

Því til slíkra umbóta eru enn mikil og margskonar ónotuð efni fyrir höndum, þó þetta prestatal sè nú orðið miklu fyllra, og sumstaðar vissara, en það hið fyrra. Hannes biskup hesir í hinum fyrnefnda formála sínum getið þess, að það mundi torvelt, ef ekki ómögulegt, að ná fullkomnu presta og prófasta tali enda fram til 1622, hvað þá heldur lengra, því allt að þeim tíma var svo stopult um veru presta á brauðunum og um þjónustu prófastanna, en þó er efalaust, að mikið má að gjöra, ef hagnýttar væri allar þær skýrslur sem til eru. Biskupinn fer um þetta atriði svofelldum orðum, fyrst að því leyti er prófastana snertir, og þar næst um prestaröðina :

«Í páfadóminum voru þeir flestu prófastar leikmenn, og um siðaskipta tímann var það almennt klókindabragð biskupanna, að veita maktarmestu leikmönnum prófastadæmi og stórstaði, til að lokka þá þarmeð sér til fylgis, að koma á nýju siðunum. Að sönnu var það af Kristjáni konungi þriðja bannað, í Erindagjörðum hirðstjórans Páls Hvítfelds, Dominica Reminiscere 1552, að leikmenn skyldi vera prófastar, en því banni var eigi allstaðar hlýdt, sem sjá má af Erindagjörðum hirðstjórans Páls Stígssonar, útgefnum af Friðreki konungi öðrum 13. April 1565, hvar í skipað er, að prófastur eða officialis, sem geti skorið úr andlegum málum, sè í sérhverjum landsfjórðungi. Var það bæði, að Páll Stígsson vildi koma presti sínum, sira Jóni Loptssyni í Görðum á Álptanesi, inn á Vatnsfjörð, og með sama inn í officialsdæmi á Vestfjörðum, og líka voru refarnir í það sinn til þess skornir, að

bola Eggert lögmann Hannesson frá prófastsdæmi á Vestfjörðum, er hann hafði til náð. En brátt sáu menn, að einn officialis í fjórðúngi hverjum gat hvorki yfir allt gripið, sem við þurfti, nè heldur aðrir úr heilum landsfjórðúngi til hans sókt, hvers vegna sami konúngur með tilskipun 20. Marts 1563 bauð, að einn prófastur skyldi vera í hverri sýslu í Hóla stipti, og viðlíkt var af honum þann 31. Januarii 1574 tilskipað um Skálholts stipti; hvaraf auðsætt er, að eigi kann væntast nein regluleg prófasta-röð í hverju einu hèraði Skálholts stiptis fyr en eptir 1574. Það er einnig trúlegt, að eptir þá tíð muni líka örðugt veita heilli prófastaröð að ná, því þegar 1579 var búið að taka gjaftollinn frá prófostum, var bágtað að fá nokkurn til þess embættis, svo lénsherr-ann Brostrup Gedde varð 1596 að gjöra þá skikkun, að hver sá prestur, sem eigi vildi prófastsdæmi á hendur takast þá biskupinn skipar, skyldi missa sitt kall, og varla sýnast prófastsdæmin hafa alstaðar komizt í reglulegt stand fyr en nálægt 1617, þá konungs Kristjáns fjórða brèf kom út, að prófastar skyldu fá bezta og hentugasta gard (prestakall) í hèraðinu.

Um prestaröðina er þó minni von en prófastanna, því biskuparnir veittu eigi einúngis leikmönnum þau stærstu beneficia, heldur og jafnvel á stundum töldu þeim þau á móts við konumund, en þessir leikmenn hélðu sónkninni til þjónustu einhvern prestlíng, er þá kallaðist heímilisprestur, hver optsinnis eptir Kristinrétti var vistráðið árshjú, og stundum ásamt með sveinn síns húsbóna. Að sönnu bannaði Kristján konúngur hinn þriði, miðvikudaginn eptir Dominica oculi 1555, í Erindagjörðum hirðstjórans Knúts Steinssonar, þeim hinum fyrri, að staðir skyldu veitast leikmönnum, en landsmenn vorir vildu eigi á það fallast, heldur á sama ári, mánudaginn eptir Péturs messu og Páls, í þeirri svo kölluðu Bessastaða samþykkt, töldu öll tormerki á því banni að hlýða; og má allt til 1650, eða lengur, finna heimilis-

presta ríkra manna, svo þó leikmenn hefði eigi allt til þess tíma staðina, hélđu þeir samt stundum prestvígðan mann til sinnar sóknar, er þeir áttu kirkjustaðinn að og á sátu, því þá brúkuðu þeir sitt kirkju forráð, eður *jus patronatus*, til að bægja hinum prestinum, er til höfuðkirkjunnar var kallaður, frá prestsverkum í annexíunni, hverja þeirra gjörð sjálfsir biskuparnir á stundum staðfestu. Þar að auk voru biskupar vorir ærið einráðir við presta um þær mundir; þeir nýttu sér ósjaldan það leyfi Kristinrèttar: «Biskup vor skal kirkjum ráða», svo þeir tóku prestaköll frá einum og gáfu þau öðrum, eptir því sem þeim bauð við að horða, og á stundum veittu prestaköll árlángt en eigi lengur, og byggðu leikmönnum aptur staðina, er þeir af prestum tóku. Þetta biskupanna veldi blæddi lènsmönnunum í augu, einkum lètti eigi sá hinn ráðríki Páll Stígsson fyr, en hann með konúngs Friðreks annars bréfi af 27. Martii 1563 var búinn að fá skipað, að lènsmenn skyldu hèr á landi veita prestaköll; hverja makt þessir sjálfsir innan skamms misbrúkuðu, eigi síður en biskuparnir höfðu áður gjört. Þá einn lènsmaður kom í annars stað, rak hann frá embætti hvern þann, sem honum sjálfum leizt, þó sá hefði hans forvera brèf fyrir prestakallinu, og stundum gáfu þeir tveimur sama kall, þegar þeim var innt rángt frá sakarinnar atvikum, hvað ljóst er af Forordn. 4. Martii 1595 að til hefir boríð. Eptir allt þetta hefði mátt líklegt virðast, að prestakalla veitíngar hèr á landi hafi verið komnar á fastan og reglulegan fót; samt sýnir Forordn. 29. Novembr. 1622 allt annað, því bæði skýrir hún frá, að sumir prestar hafi látið sig velja og kalla til sóknanna, áður en embættið varð autt, líka að biskupar einir hafi ennþá ráðið þeim smærri köllum, — sem á meðal annars er að sjá af biskups Brynjólfs brèfabókum að varað hafi við þángað til hèrum 1666, — en þó einkum, að prestar hafi sífeldlega verið að skipta um sóknir, svo að þeir hafi til verið sem hafi haft 10 eður 12 kallaskipti, hvað

allt gnóglega sannar, hversu bágt veiti að geta fundið sóknarpresta röðina fullkomna allt fram til áðurtèðra tíma, eða lengur».

Nú skal skýra frá, hvernig prestatalinu er hér hagað, og hvern þátt hver hesir átt í því:

Frá höfundinum sjálfum, prófasti síra Sveini Níelssyni, er kominn allur aðalstofn prestatalsins, og er þess þar við að geta: 1) Hér er fylgt sömu röð og niðurskipan eins og í prestatali Hannesar biskups, að því leyti, að hér er byrjað að austan, á Skeggjastöðum í Múla prófastsdæmi, og síðan farið kríngum land, suður, vestur og norður, og seinast endað á Sauðanesi á Lánganesi. Hér er einnig sama hèraðaskipan eins og þar, eptir prófastsdæmum og prestaköllum, og röð prestakallanna hin sama, sem kemur heim við hina seinstu tilskipun 15. Decbr. 1865. Þar sem prestaköll eru lögð niður, sem hafa staðið lengi, og sum til skamms tíma, þá eru þau samt sem áður talin með í sinni röð, og prestarnir þar, en skýrt frá breytíngunni í yfirlitsgrein framanvið prófastsdæmið, og í skýringargreinum neðanmáls. — 2) Skiptingin er hér hin sama og í prestatali Hannesar biskups, svo að skipt er í kapítula og í greinir, og er hvert prófastsdæmi kapítuli sér, og hvert prestakall grein sér, en seinast í hverjum kapítula er ein grein, sem hesir prófastatalið. Á sumum stöðum kljúfast þó prófastsdæmin í tvennt, svosem Múla, Skaptafells og Ísafjarðar prófastsdæmi, og er þess getið í yfirlitsgrein fremst í prófastsdæminu¹. — 3) Við hvert brauð er tilfært tekjumat þess, eða *specification*, er það fyrst matið frá 1737, sem er gjört

¹⁾ Með konungs úrskurði 26. Mai þ. á. (1869) er nú ákveðið, að Þíngeyjar prófastsdæmi skuli skipta í tvennt, og heita annað Suður-Þíngeyjar prófastsdæmi, en hitt Norður-Þíngeyjar prófastsdæmi. Til hins fyrra skulu heyra þau 11 (áður 12) prestaköll, sem eru syrir sunnan Reykjahreiði (xvi, 1—12) en til hins síðara þau 5, sem eru syrir norðan heiðina, sem eru: Garður í Kelduhverfi, Skinnastaðir, Presthólar, Svalbarð í Þistilfirði og Sauðanes á Lánganesi (xvi, 13—17).

gilt með konúngsbréfum 29. Januar 1740 og 3. Marts 1758¹; þar næst matið frá 1748, sem hefir verið talið gilt í Hóla biskupsdæmi, og er þess því getið hér við brauð í Norðlendíngi fjórðungi, þar sem það munar frá matinu 1737²; í þriðja lagi matið frá 1853, og er það tekið eptir tilskipuninni 15. Decembr. 1865, af því þar stendur hin lögboðna upphæð, en í Skýrslum um landshagi á Íslandi³ stendur sumstaðar nokkuð öðruvísi, og er því ekki fylgt; að síðustu er hér og tekið hið seinasta brauðamat, eptir endurskoðun stjórnarinnar, og heimfært til ársins 1868, en þar sem á stöku stöðum er nokkur vafí á matinu, svo það er ekki ákveðið enn fyrir fullt og allt, þá er hér sett við spurnígarmerki. — 4) Þar sem Hannes biskup ekki hafði nema two dálka, annan um tilkomu ár prestsins til brauðsins, annan um dauða ár hans, hafði höfundurinn fjóra dálka nýja, en hér eru þrír, sökum rúmsins. Í fyrsta dálki er vígslu ár, þar sem það hefir orðið uppgötvað, og er nýr dálkur; í öðrum dálki er árstal, sem skýrir frá hvenær presturinn hafi fengið brauðið; stundum mun þar þó vera svo að skilja, eins og hjá Hannesi biskupi, hvenær hann hafi tekið við brauðinu; þriði dálkur («slepti brauðinu» — «dó») er settur saman úr þriðja og fjórða dálki höfundarins, og þýðir þá ártalið með stjörnu við hið fyrra (== «slepti brauðinu») en ártalið stjörnulaust hið síðara (== «dó»). Þegar ártal hefir fengizt fyrir hvortveggja, er hið stjörnumerkta ofar, en hitt fyrir neðan, og mun aðgætinn og greindur lesari fljótt geta gjört sér þetta ljóst; en þó má geta þess, að sá dálkur «slepti brauðinu» er ekki svo fylltur sem skyldi, eða sem hann þyrfti að vera, ef honum væri fullur

¹⁾ Lagas. Ísl. m, 295—297, sbr. konúngsbr. 5. Juni 1750 í sama safni. — Sjálfst matið frá 1737 er prentað í Lagas. Ísl. II, 260—268.

²⁾ matið frá 1748, sem nær yfir bæði biskupsdæmin, er prentað í Lagas. Ísl. II, 701—712.

³⁾ Skýrslur um landshagi á Íslandi II, 430—453, 593—851.

gaumur gefinn, því þá ætti þar eiginlega að standa ártal við hvern prest, til þess menn gæti sèð greinilega, hvort hinn næsti í röðinni hefði tekið beint við af honum eða ekki. Tveir seinustu dálkarnir telja «aldurs ár» og «embættis ár», þar sem það hefir orðið uppgötvað, og eru það nýir dálkar, sem ekki stóðu í prestatali Hannesar biskups. — 5) Þar sem prestar hafa flutzt frá einu brauði til annars, er vísað til þeirra með tölustöfum, þýðir rómverska talan prófastsdæmið, en arabiska eða indverska talan þýðir prestakallið í því prófastsdæmi; þar sem einungis er indversk tala, ein eða fleiri, þýðir það, að presturinn hefir haft það brauð, eitt eða fleiri, sem talan bendir til, í sama prófastsdæmi. Þeir prestar, sem hafa fengið veitíngu, en ekki komið til brauðsins, eru sjaldan taldir. — 6) Á fyrri tímum, og einkum fyrir siðaskiptin, er ekki enn með vissu fundið hvert ár presturinn hafi komið til brauðsins, og er þar sett «fyrir» eða «um» það eða það ár, en stundum er sagt í máldögum eða skjölum, að prestur tilnefndur hafi verið þar um svo eða svo mörg ár áður en máldaginn er saminn, eða skjalið, og er þá ártalið sett eptir þessu, þegar hann hafi komið til brauðsins. — 7) Hér er fylgt dæmi Hannesar biskups í því, að telja eins þá presta, sem hafa haldið staði eða sóknir fyrir siðaskiptin, því þó að þetta verði enn ekki glögglega talið, þá er það bæði fróðlegt í sjálfu sér, og stendur til mikilla bóta, eptir því sem fundið verður smásaman í bréfum og skjölum frá hinum eldri tímunum. — 8) Þeir prestar, sem fyrir einhverja skuld hafa mist kall eða embætti, eru merktir með stjörnu við nafnið. — 9) Í seinustu grein í hverjum kapítula, eða hverju prófastsdæmi, eru taldir prófastarnir í héraðinu, og árið þegar hver þeirra varð prófastur, en talan hjá nafninu segir til, hvar þeir hafi verið prestar. — 10) Nöfn þeirra presta, sem verið hafa prófastar, eru auðkend með gisnara letri, og nöfn þeirra, sem biskupar hafa verið, eru sett með stærra og feitara letri. — 11) Í formála-

greinum við hvert brauð og í athugagreinum neðanmáls er skýrt frá, hverjar kirkjur liggi til, í hverri sveit þær sè, hverjar breytíngar hafi orðið á sóknaskipun og fleira þesskonar, sem heyrir til sögu prestakallsins eða æfi einstöku presta.

Eptir að höfundurinn hafði fullgjört prestatal sitt, sendi hann það Jóni Porkelssyni, kennara við latínuskólann í Reykjavík, og hefir hann með sinni alkunnu glöggskygni og nákvæmni borið það saman við ymsar skýrslur og bætt það á allmörgum stöðum og aukið, einnig bætt við þeim breytíngum, sem orðið hafa um þann tíma, sem hann hafði ritið undir höndum. Það sem hann hafði til samanburðar var einkanlega þetta, sem hann skýrir frá: 1) Prestatal Steingríms biskups Jónssonar, það er: a) Prestatal Hannesar biskups Finnssonar yfir Skálholts stipti, sem prentað er í XI. bindi rita Lærðómslista félagsins, lagfært af Steingrími biskupi og aukið fram að dauða hans; b) Prestatal meistara Hálfdanar Einarssonar yfir Hóla stipti, lagfært og aukið á sama hátt. Þetta safn er hér í athugagreinum merkt S.t., en sumstaðar eru leiðrættíngar þaðan teknað þegjandi, þegar þær þóttu vera vissar. — 2) Skýrslur frá hlutaðeigandi próföstum, gefnar 1773 um presta í Skálholts biskupsdæmi frá 1700 til 1773; þær eru hér merktar Sk. í athugagreinum, og eru opt eptir þeim tekin aldurs ár presta. — 3) Nýjar skýrslur sama kyns, gefnar 1866—1867, auðkendar hér Nsk. í athugagreinum. — 4) Prestvígsluskrá, eða registur yfir nöfn þeirra presta, sem vígðir eru af Ólafi biskupi Gíslasyni, sira Gísla Snorrasyni í Odda og Finni biskupi Jónssyni, bæði þá er hann var officialis og biskup, frá 1744 til 1777; þessi skýrsla er hér merkt vsk. — 5) Vtnisburður eða *Testimonium*, gefið hlutaðeiganda þegar hann skrifast út úr skólanum, og er auðkennt vb. — 6) Æfisögur þeirra presta, er vígðir hafa verið sunnanlands frá því Hannes Finnsson varð biskup, árið 1777 (elzta æfisagan er

dagsett 18. Novbr. 1777). Þessar æfisögur eru ritaðar af prestunum sjálfum, þegar þeir voru vígðir, og eru geymdar í skjala-safni biskupsdæmisins; þær eru hér merktar æf. — Eptir þessum skýrslum hafði Jón Þorkelsson víða bætt við mánaðardögum á vígslum, veitíngum og dauða-árum, en þareð þetta náði þó ekki nema yfir lítið árabil af öllu prestatalinu, og varð ekki fyllt, þótti réttara að sleppa því nú að sinni, og láta sér nægja árstöluna, en því er haldið í athugagreinum, þar sem það þótti máli skipta, eða geta orðið ástæða til að rannsaka betur hvað réttara sè.

Eptir að ritið var komið híngað, og var tekið til prentunar af Bókmentafélaginu, hafa þeir skrifari og varaskrifari Deildarinnar ásamt mér yfirsarið það á ný, og eptir að höfundurinn hafði gefið ljúfmannlega samþykki til þeirra viðbóta og smábreytinga, sem við stúngum uppá, höfum við hjálpað að með að búa ritið undir og sjá um prentunina. Eptir því sem við höfum skipt störfum okkar á milli hefi eg bætt við yfirlitsgreinunum framan við prófastsdæmin, og sumstaðar við prestaköllin, staði og útkirkjur, með skýrslum um, hverjum kirkjurnar hafi verið helgaðar að fornu, og sumstaðar um aldur þeirra, og aukið sumstaðar skýrslur um breytingar á prestakalla skipun eða sókna; á sumum stöðum hefi eg bætt við presta nöfnum á fyrri tímum, eptir máldögum og öðrum kirknaskjölum, og nöfnum seinustu prestanna, eptir því sem breytingar hafa á orðið fram á þetta ár; enn fremur tekjuhæð hvers brauðs, eptir hinu seinasta brauðamati, sem líklega má vænta að verði löggilt; sömuleiðis hefi eg lesið fyrstu og þriðju prófórk til prentunar. — Skrifari Deildarinnar, Cand. Sigurður Hansen, hefir skrifsað upp seinasta brauðamatið, samið registur yfir nöfn prestanna og yfir nöfn kirkjustaðanna, bæði heimastaða og útkirkna, og þar að auki tekið þátt í prófarka lestri á annari prófórk; en stud. theol. Hallgrímur Sveinsson, varaskrifari

Deildarinnar, hefir lesið aðra prófórk allsendis og borið handritið nákvæmlega saman við hið prentaða.

En þó að töluberð alúð hafi verið lögð við þetta verk, bæði af höfundinum sjálfum og af öðrum, sem að því hafa unnið, þá dyljumst vér samt ekki við, að víða kunni að finnast gallar, sem ekki hafa ráðið bætur á, auk þess, sem enn mætti auka og um bæta. Vér ítrekum í því efni bendíng Hannesar biskups, að «ef fleiri vildu samtaka verða, mundu margar hendur þar í lètt verk vinna», og að «einn eptir annan ætti þar við að bæta, og þar til að taka, hvar annar hefur frá horfið». Þetta-má og heita að væri hægðar leikur. Það væri ekki mjög örðugt verk, og þó þarfst, ef prestar á hverjum stað tæki sig til að rita og senda Bókmentafélaginu hver um sitt brauð þær leiðréttíngar og viðauka, sem þeir vissi rétt og nákvæmlega, helzt eptir kirkju-bókum eða áreiðanlegum skjólum, og helzt á blaði sér fyrir hvert prestakall. Það væri enn fremur æskilegt, að hver vildi senda félaginu afskrift af æfisögum presta, þar sem þær eru til við prestaköllin, með skýrslu um höfunda þeirra og áreiðanlegleik. Félagið mundi taka slíkum skýrslum með hinum mestu þökkum, og geta með því undirbúið annað enn fullkomnara prestatal með tímanum, til mikilla nota fyrir sögu lands vors. Ef þessar skýrslur fengist svo fullkomnar og nákvæmar, sem þær með sameiginlegum styrk prestanna gæti orðið, þá væri ekki einungis þar með fengið mikið efni til að auka og bæta þetta stutta prestatal, heldur og einnig til þess, sem miklu meira er vert, til að gefa út á prent hið stóra safn af presta æfum, sem þeir hafa lagt grundvöllinn til sira Jón í Hítardal, meistari Hálfðan, Hallgrímur djákni og Daði Nielsson, og síðan máske ymsir aðrir hafa fram haldið og aukið. Alþýða á Íslandi getur og að sínu leyti studt mikið að því, að felagið gæti komið þessum verkum á prent ásamt öðru, sem það hefur fyrir stafni, og væri til þess mjög

einfalt ráð, sem væri það, að svo margir lèti óskir sínar í ljósi um að þesskonar bók kæmi á prent frá féluginu, og gæfi skriflegt loforð sitt að styrkja til þess, annaðhvort með því að kaupa þá bók sérílagi, eða með því að gjörast reglulegur félagsmaður ef hún yrði prentuð, að félagið sæi sér fært með þeim styrk að leggja útí slíkt fyrirtæki; en þessi loforð gæti sem hæglegast borizt féluginu frá prestunum, eða frá umboðsmönnum félagsins, sem eru öllum kunnugir af Skýrslum þess og reikníngum, en skýrslur þessar eru sendar hverjum sóknarpresti, auk annara, á hverju ári. Ef þetta væri gjört, og það næði tilgángi sínum, mætti það verða til fyrirmynðar við mörg önnur fyrirtæki félagsins, sem síðan gæti komið til heppilegrar framkvæmdar. Þar sem eins stendur á eins og hjá oss, að aðlið er bæði lítið og sundraðir kraptarnir, þar verður ekki neinu fram komið sem mark er að, nema með því að hver sá gefi sig fram, sem styrkja vill, og segi til sín að fyrra bragði, en ef svo væri gjört, þá mundi mörgu mega koma til leiðar, sem menn hugsa nú almennt að sè ómöögulegt.

Kaupmannahöfn 28. Mai 1869.

Jón Sigurðsson.

Y F I R L I T.

- I. Múla prófastsdæmi bls. 1-24.
Skeggjastaðir, 2. — (Refstaður, 2-3). — Hof í Vopnafirði, 3-4. —
Hofteigur, 4-5. — (Möðrudalur, 5-6). — Kirkjubær í Túngu, 6. —
Valþjófstaður, 7. — Ás í Fellum, 7-8. — Hallormstaður, 8-9. —
Þíngmúli, 9-10. — Vallanes, 10-11. — Eyðar, 11-12. — Hjalta-
staður, 12. — Desjarmýri, 13. — Klyppstaður, 13-14. —
Dvergasteinn, 14. — (Mjóifjörður, 15). — Skorristaður, 15-16. —
Hólmar í Reyðarfirði, 16-17. — Kolfreyjustaður, 17-18. —
Stöð, 18. — Heydalir í Breiðdal, 18-19. — Berufjörður, 19-20. —
(Háls í Hamarsfirði, 20-21). — Hof í Álptafirði, 21-22. —
(Þvottá, 22-23). — Prófastar í Múla prófastsdæmi, 23-24.
- II. Skaptafells prófastsdæmi bls. 25-35.
Stafafell í Lóni, 25-26. — Bjarnanes, 26. — Einholt, 27. — Kálfa-
fellstaður, 27-28. — Sandfell í Öræfum, 28-29. — Kálfafell á
Síðu, 29-30. — Kirkjubæjar klaustur, 30-31. — Ásar í Skaptár-
túngu, 31-32. — Meðallands þing, 32. — Þykkvabæjar klaustur,
33. — Reynis þing, 33-34. — Sólheima þing, 34. — Prófastar
í Skaptafells prófastsdæmi, 35.
- III. Rángárvalla prófastsdæmi bls. 36-49.
Eyvindarhólar, 36-37. — Holt undir Eyjafjöllum, 37-38. — Stóri-
dalur, 38-39. — Fljótshlíðar þing, 39-40. — Breiðabólstaður í
Fljótshlíð, 40. — Kross þing, 41. — (Stórólfshvoll, 41-42). —
Oddi á Rángárvöllum, 42-43. — Keldna þing, 43-44. — Stóru-
vellir á Landi, 44-45. — Holta þing, 45-46. — Kálfholt, 46-47. —
Vestmannaeyjar, 47-48. — Prófastar í Rángárvalla prófast-
dæmi, 49.

- IV. Árnes prófastsdæmi bls. 50-69.
(Villíngaholt, 50-51). — Gaulverjabær í Flóa, 51-52. — Kaldaðarnes í Flóa (Stokkseyri), 52-53. — Hraungerði í Flóa, 53-54. — Ólafsvellir á Skeiðum 54-55. — Stóri-Núpur, 55-56. — Hrepphólar, 56-57. — Hruni í Ytra hrepp, 57-58. — (Reykjadalur, 58-59). — Torfastaðir, 59-60. — Miðdalur, 60-61. — Mosfell í Grímsnesi, 61-62. — Klausturhólar, 62-63. — Þingvellir, 63-64. — Arnarbæli í Ölfusi, 64. — Selvogs þíng, 65. — (Skálholt, 66-68). — Prófastar í Árnes prófastsdæmi, 68-69.
- V. Gullbríngu og Kjósar prófastsdæmi bls. 70-80.
Staður í Grindavík, 70-71. — (Hvalsnes, 71-72). — Útskálar í Garði, 72-73. — Kálfatjörn, 73-74. — Garðar á Álptanesi, 74-75. — Reykjavík, 75-76. — Mosfell í Mosfellssveit, 76-77. — Kjalarneßi þíng, 77-78. — Reynivellir í Kjós, 78-79. — Prófastar í Gullbríngu og Kjósar prófastsdæmi, 79-80.
- VI. Borgarfjarðar prófastsdæmi bls. 81-89.
Saurbær á Hvalfjarðarströnd, 81-82. — Garðar á Akranesi, 82-83. — Melar í Melasveit, 83-84. — Hest þíng, 84-85. — Lundur, 85-86. — Reykholt, 86-87. — (Húsafell, 87-88). — Prófastar í Borgarfjarðar prófastsdæmi, 89.
- VII. Mýra prófastsdæmi. bls. 90-97.
Gilsbakki, 90-91. — Hvammur í Norðurárdal, 91-92. — Stafholt, 92-93. — Borg í Borgarfirði, 93-94. — Staðarhraun, 94-95. — Hítardalur, 95-96. — Hítarnes þíng, 96-97. — Prófastar í Mýra prófastsdæmi, 97.
- VIII. Snæfellsnes prófastsdæmi bls. 98-106.
(Kolbeinstaðir, 98). — Miklaholt, 99. — Staðastaður, 100. — Breiðavíkur þíng, 101. — Nes-þíng, 102. — Setberg, 103. — Helgafell, 104-105. — Breiðabólstaður á Skógarströnd, 105. — Prófastar í Snæfellsnes prófastsdæmi, 106.
- IX. Dala prófastsdæmi bls. 107-113.
Miðdala þíng, 107-108. — Kvænnabrekka, 108-109. — Hjarðarholt í Laxárdal, 109-110. — Hvammur í Hvammsveit, 110-111. — Skarðs þíng, 111-112. — Saurbæjar þíng, 112-113. — Prófastar í Dala prófastsdæmi, 113.

- X. Barðastrandar prófastsdæmi bls. 114-122.
Garpsdalur, 114-115. — Staður á Reykjanesi, 115-116. — Gufudalur, 116-117. — Flatey á Breiðafirði, 117-118. — Brjánslækur á Barðaströnd, 118-119. — Sauðlauksdalur, 119-120. — Selárdalur, 120-121. — Otrardalur, 121-122. — Prófastar í Barðastrandar prófastsdæmi, 122.
- XI. Ísafjarðar prófastsdæmi. bls. 123-136.
Rafnseyri, 123-124. — Álpamýri, 124-125. — Sandar í Dýrafirði, 125. — Dýrafjarðar þíng (Mýra þíng), 126. — Holt í Önundarfirði, 127. — Staður í Súgandasfirði, 128. — Eyri við Skutulsfjörð, 129. — Ögur þíng, 130. — Vatnsfjörður, 130-131. — Kirkjubóls þíng, 131-132. — Staður á Snæfjallaströnd, 132. — Staður í Grunnavík, 133. — Staður í Aðalvík, 134. — Prófastar í Ísafjarðar prófastsdæmi, 134-136.
- XII. Stranda prófastsdæmi bls. 137-141.
Árnes í Trékkylisvík, 137-138. — Staður í Steingrímsfirði, 138-139. — Tröllatunga, 139. — Prestbakki í Hrútafirði, 140. — Prófastar í Stranda prófastsdæmi, 141.
- XIII. Húnavatns prófastsdæmi bls. 142-156.
Staður í Hrútafirði, 142-143. — Staðarbakki, 143-144. — Melstaður í Miðfirði, 144-145. — Tjörn á Vatnsnesi, 145-146. — (Vesturhópshólar, 146). — Breiðabólstaður í Vesturhópi, 147-148. — Þingeyra klaustur, 148-149. — Undirfell, 149-150. — (Grímtunga, 150-151). — Hjaltabakki, 151. — Auðkúla í Svínadal, 151-152. — Blöndudalshólar, 152-153. — Bergstaðir, 153. — Höskuldstaðir, 154. — Hof á Skagaströnd, 155. — Prófastar í Húnavatns prófastsdæmi, 156.
- XIV. Skagafjarðar prófastsdæmi bls. 157-171.
Hvammur í Laxárdal, 157-158. — Fagranes, 158-159. — Reynistaðar klaustur, 159-160. — Glaumbær, 160. — Mælisfell, 161. — Goðdalir, 162. — Miklibær í Blönduhlíð, 162-163. — (Hofstaða þíng, 163-164). — Rípur í Hegranesi, 164-165. — Hólar í Hjaltadal, 165-167. — Hofs þíng á Höfðaströnd, 167-168. — Fell í Sléttuhlíð, 168-169. — Barð í Fljótum, 169. — Knappstaðir í Stíflu 170. — Prófastar í Skagafjarðar prófastsdæmi, 170-171.

XV. Eyjafjarðar prófastsdæmi	bls. 172-187.
Hvanneyri í Siglufirði, 172-173. — Kviabekkur, 173. — (Upsir, 174). — Tjörn í Svarfaðardal, 174-175. — Vellir í Svarfaðardal, 175-176. — Stærri - Árskógur, 176-177. — Möðruvalla klaustur, 177-178. — (Myrká, 178-179). — Bægisá, 179-180. — Glæsibær, 180-181. — Hrafnagil, 181. — Grundar þíng, 182. — Mikligarður, 183. — Saurbær í Eyjafirði, 183-184. — Miðgarðar í Grímsey, 184-186. — (Múnkaþverá, 186). — Prófastar í Eyjafjarðar prófastsdæmi, 187.	
XVI. Þingeyjar prófastsdæmi	bls. 188-205.
Laufás, 188-189. — Höfði í Höfðahverfi, 189-190. — Þaunglabakki, 190-191. — Háls í Fnjóskadal, 191-192. — Þóroddstaður í Kinn, 192-193. — Lundarbrekka (Eyjardalsá), 193. — Mývatns þíng, 194. — Grenjaðarstaður, 194-196. — Múli, 196-197. — Helgastaðir, 197-198. — (Nes í Aðalreykjadal, 198-199). — Húsavík á Tjörnesi, 199-200. — Garður í Kelduhverfi, 200-201. — Skinnastaðir í Axarsíði, 201-202. — Presthólar á Sléttu, 202-203. — Svalbarð í Þistilsíði, 203-204. — Sauðanes, 204. — Prófastar í Þingeyjar prófastsdæmi, 205.	
Presta nöfn	bls. 206-236.
Nöfn kirkjustaða og prestakalla	237 - 241.

I. MÚLA PRÓFASTSDÆMI.

Í MÚLA prófastsdæmi var einn prófastur þángað til 1746. Þá var prófastsdæmi þessu skipt í two hluti, og var settur sinn prófastur í hvorn. Í Norðurhlutanum voru þá brauðin 1—8 og 12—15, en í Suðurhlutanum 9—11 og 16—26.

Nú eru þessi níu brauð í Norðurhlutanum: Skeggjastaðir á Lánganesströndum (1); Hof í Vopnafirði með Refstað (3 og 2); Hofsteigur á Jökuldal með Mðrudal á Fjalli (4 og 5); Kirkjubær í Hróarstúngu (6); Valþjófstaður í Fljótsdal (7); Ás í Fellum (8); Hjaltastaður í Útmannasveit og Eyðar í Eyða þínghá (13 og 12); Desjarmýri í Borgarsfirði (14) og Klyppstaður í Loðmundarsfirði (15).

En í Suðurhlutanum eru þessi ellefu: Dvergasteinn í Seyðisfirði með Mjófafirði eða Firði í Mjófafirði (16 og 17); Vallanes á Völlum í Fljótsdalshéraði (11); Hallormstaður í Skógum (9); Þingmúli í Skriðdal (10); Skorrastaður í Norðfirði (18); Hólmar í Reyðarfirði (19); Kolfreystastaður í Fáskrúðsfirði (20); Stöð í Stöðvarfirði (21); Heydalir í Breiðdal (22); Berufjörður í Berufirði (23); og Hof í Álptafirði með Hálsi í Hamarsfirði og Þvottá í Álptafirði (25. 24 og 26).

Prófastsdæmin heita nú Norðurmúla prófastsdæmi og Suðurmúla prófastsdæmi, og taka þau allt frá Skoruvík á Lánganesi til Lónsheiðar.

	vígður	fèkk br.	sleptti br. dó	aldurs ár	emb. ár
1. Skeggjastaðir					
á Lánganesströndum; þar var áður Þorláks kirkja.					
1737: 5. 1853: 187. 38. 1868: 430. 12.					
Sturla Finn bogason ^{1.}					
Pétur Hallsson	1597	fyr. 1618			
Jón Runólfsson XV, 16. XVI, 16.					
Marteinn Jónsson	1627	1660			33
Jón Marteinsson	1655	1660	{ 1691* } { 1694 }		36
Marteinn Jónsson	1686	1691	1729		43
Sigurður Ketilsson	1724	1729	1731		7
Sigurður Eiríksson		1731 ²	1768		
Jón Brynjólfsson 12, 13, 17		1768			
Sigurður Vigfússon 25	1776	1776			
Skapti Skaptason	1792	1792	1804	40	12
Stephán Þorsteinsson XV, 5	1805	1805			
Jón Guðmundsson 13	1815	1815			
Guðmundur Jónsson XVI, 16	1828	1827			
Hóseas Árnason 23	1834	1838			
Bergvin Þorbergsson 12	1840	1858	1861	57	21
Siggeir Pálsson	1862	1862	1866	51	4
Jens Vigfússon Hjaltalín	1867	1867			
2. Refstaður					
eða Refstaðir í Vopnafirði; þar var Laurentius kirkja. ³					
1737: 15. 88. (1853. 1868. sjá 3).					

¹⁾ Í tið sira Sturlu (skömmu fyrir 1600) er sagt, að Skoruvík hafi lagzt frá Skeggjastöðum.

²⁾ 1732, Sk.

³⁾ Refstaðar sókn misti 1786 prest sinn fyrir örþingðar sakir, og þjónaði Höfs prestur þar síðan þriðja hvern. 1794 sóktu sóknarmenn um, að fá kirkjuna flutta að Krossavík, og var það leyft í konungsbréfi 4. Novbr. 1796. Þetta konungsbréf kom ekki til Íslands fyr en 1806, þá kansellið sendi afskrift af því til stiptsyfirvaldanna á Íslandi með bréfi 14. Juni. Um haustið 1806 ritaði Gutormur prestur Þorsteinsson á Höfi í Vopnafirði mótmæli gegn flutningnum til Krossavíkur, og mælti fram með að leggja allt undir Höfs kirkju. Þessu neitaði kansellið fyrst, í bréfi 28. Mai 1808, en síðan var það leyft í konungsbréfi 4. Septbr. 1812.

(2. Refstaður)	vígður	fèkk br.	slepti br. dó	aldurs ár	emb. ár
Björn.					
Páll Eyvindarson um 9 ár ¹ .					
Jón Brandsson.	1563			
Sturla Finnbogason fyrir	...	1600			
Pétur Freysteinsson ² .					
Sigurður Ólafsson	1602	1629	.	
Sigfús Sigurðsson 14	1631	1639		
Ólafur Magnússon	1633	1639	1652	...	19
Guðmundur Ketilsson 12	1636	1653	{ 1679* } 1697	...	43
Gísli Sigurðsson	1679		
Ólafur Sigfússon 16, 17	1653	1679	{ 1729* } 1730	104	76
Jón Ólafsson 16. II, 5	1723	1729			
Þórður Högnason 6, 8	1756	1756			
Guðmundur Eiríksson 3, 4	1726	1766	{ 1775* } 1784	92	59
Sigfús Guðmundsson 8, 13	1772	1775			
 3. Hof					
í Vopnafirði, sameinað við Refstað síðan 1786; á Hofi var allra heilagra kirkja.					
1737: 52. 88. 1853: 856. 4. 1868: 1545. 53.					
Finnur Hallsson lögsögumaður	1145		
Halldór Hallvarðsson, heimilisprestur, um 1200.					
Sæmundur Þorsteinsson fjörður ³	1395		
Einar.					
Oddur.					
Ormur Eiríksson fyrir	...	1482			
Brandur Rafnsson ⁴	1489			

¹) tveir fyrstu prestarnir eru nefndir í Vilkius málðaga (1397).

²) lifði 1634.

³) um Sæmund prest segir í annálum, að hann dó á sjálfan páskadaginn 1395, í þann tíma um morguninn, sem krossar voru upp teknir, á 76. aldurs ári. Í lann hafði verið merkilegur maður, staðlegur og dygðugur, og allra manna frjálsastur, hann vildi og aldrei vald eða umboð þiggja af biskupi, sér til vanda eða sálarháska. Hann liggur framan fyrir kirkjunni á Hofi; helt hann þá kirkju sæmilegast.

⁴) var þar prestur 46 ár.

(3. Hof)	vígður	fèkk br.	slepti br. dó	aldurs ár	emb. ár
Finnbogi	1534			
Jón Þórodduson fyrir	...	1546			
Sturla.					
Bjarni Högnason	1578			
Oddur Þorkelsson fyrir	...	1589	1620		
Jón Ögmundsson XVI, 16	1624	1638		
Vigfús Árnason IV, 17	1630	1638	1672	...	42
Pórður Þorláksson¹	1672	1697		
Ólafur Gíslason VI, 17	1672	1675	{ 1712* } { 1714 }	...	40
Þorvaldur Stephánsson (ýngri) 12 . . .	1699	1712	{ 1750* } { 1750 }	...	31
Pétur Eiríksson Arnsted	1730	1738		
Guðmundur Eiríksson 2, 4	1738			
Skapti Árnason	1750	1757	1782	60	32
Árni Þorsteinsson 6	1781	1782			
Einar Stephánsson 9	1779	1792	{ 1805* } { 1812 }	76	26
Guttormur Þorsteinsson	1797	1805	1848	75	51
Halldór Jónsson XIV, 4	1841	1849			

4. Hofteigur

á Jökuldal; þar var Maríu kirkja².

1737: 15. 64. 1853: 263. 28. 1868: 499. 67.

Oddur.

Pétur.

Þorvaldur³.

Páll.

Bárður Ormsson 13.

¹) Meistari þórður hafði kallið sér til uppheldis meðan hann var vísi-biskup, kom þángað ekki til vistar, en helt þar kapellána.

²) 1776 sengu bændur á Brú og á Eiríkstöðum á Jökuldal leyfi til að byggja á sinn kostnað og halda við bænhúsi því, sem frá gamalli tíð hafði staðið á Brú, og að sá prestinn í Hofsteigi til að flytja þar messugjörð að minnsta kosti tvívar á ári. Konungsbréf 5. Decbr. 1823 leyfir bændum frá Aðalbóli og Vaðbrekku í Hrafnkelsdal, sem voru í Valþjófstaðar sókn, að sækja að Brú, og eiga þángað kirkjusókn, þegar prestaskipti yrði á Valþjófstað. Presturinn að Hofsteigi, sira Sigfús Finnsson, samdi um 20 fiska fyrir hverja messugjörð. Konungsbréf 3. April 1844 setur nákvæmari reglur um þetta, og ákveður 20 álnir fyrir hverja messugjörð.

³) Þessir þrír prestar eru taldir í Vilkins málðaga.

(4. Hofteigur)	vígður	fékk br.	slepti br. dó	aldurs ár	emb. ár
Þórður Jónsson	1564			
Jón Guðmundsson fyrir	...	1582			
Jón Þorvaldsson	1583			
Styrbjörn Jónsson	1584	1624		
Hávarður Sigurðsson 14.					
Sigfús Tómasson 14	1632	1673 ¹		
Eiríkur Þorvarðsson	1678	{ 1730* } 1740	88	
Sigfús Sigfússon ²	1730	1746		
Guðmundur Eiríksson 2, 3	1733			
Guðmundur Íngimundsson ³	1729	1738	{ 1774* } 1777	...	45
Erlendur Guðmundsson 20, 21	1774			
Einar Björnsson 8, 10, 15.	1800 ⁴			
Sigfús Finnsson 10	1809	1815	1846	67	37
Jón Íngjaldsson XVI, 11, 12	1847			
Þorgrímur Arnórsson 10. XVI, 12.	1848			
Þorvaldur Ásgeirsson 10	1862	1864			

5. Möðrudalur

á Fjalli, stundum kallað á Fjöllum; í
Möðrudal var allra heilagra kirkja⁵.

Sigurður	1488
Guðmundur Jónsson 26 ár.		
Hallur Högnason.		
Hallur Hallvarðsson 9, 26. II, 2 . fyrir	...	1583
Sölv Gottskálksson 5 ár.		

¹) lifði 1685, St.

²) það er ekki fullvist, hvort sira Sigfús varð hér söknarprestur, því hann sýktist
braðum af líkþrá, og fluttist að Hofi í Vopnafirði.

³) sira Guðmundur var seinasti prestur á Skriðu klaustri sérílagi, og kom þángað
1729.

⁴) veitíngarbréf^{24/9} 1799, St.

⁵) sira Bjarni var hér seinasti prestur, og þjónaði hér lengur en hver hinna. Síðan
hafa ymsir prestar þjónað Möðrudals sökn, helzt frá Hofi í Vopnafirði (3), Skinnastöðum í Axarfirði (XVI, 14) eða Hofteigi á Jökuldal (4). — Með bréfi frá kirkju-
málastjórninni 28. Juni 1851 eru tveir bær á Næðri Fjöllum, Grímstaðir og Nýibær,
lagðir til Möðrudals söknar frá Skinnastöðum við næstu prestaskipti, og ákveðið,
að Möðrudalur skuli vera útkirkja frá Hofteigi (sbr. XVI, 14).

(5. Möðrudalur)	vígður	fékk br.	slepti br. dó	aldurs ár	emb. ár
Jón Hrafnsson 2 ár.					
Sölví Gottskálksson (aptur) fyrir	...	1608			
Gunnlaugur Sölvason fyrir	...	1628	1647		
Rögnvaldur Ormsson 16, 17	1648	1663*		
Þorsteinn Gunnlaugsson XIII, 7.	1663			
Narfi Guðmundsson 23	1672			
Bjarni Jónsson	1685	1716		
6. Kirkjubær					
í Túngu, eða Hróarstúngu í Útmanna-sveit; þar var Maríu kirkja.					
1737: 61. 64. 1853: 459. 82. 1868: 704. 46.					
Sæbjörn.					
Starkaður.					
Páll.					
Gregorius ¹ .					
Ásgrimur Þórðarson nær því 20 ár	1516			
Hallur Högnason 34 ár	1574			
Ólafur Einarsson	1601	1609	{ 1649* } { 1659 }		58
Eiríkur Ólafsson	1637	1649	1690		53
Ólafur Ásmundsson	1690	{ 1704* } { 1709 }		
Brynjólfur Halldórsson	1704	1737		
Ólafur Brynjólfsson	1737 ²	1765		
Páll Guðmundsson 11	1765			
Þórður Högnason 2, 8.	1756	1777	1791	61	35
Árni Þorsteinsson 3	1781	1791	1829 ³	76	48
Björn Vigfusson 12	1801	1830	1848	73	47
Jón Þorsteinsson XVI, 7, 12	1803	1848	{ 1852* } { 1862 }	82	49
Magnús Bergsson 21, 22	1829	1852			
Jón Jónsson Austfjörð 15	1868			

¹) Þessir fjórir prestar eru taldir í fornnum máldaga og í máldaga Vilkins biskups.

²) 1739, Sk.

³) fædd. 15/1 1754, æf.

7. Valþjófstaður

eða Valþjófstaðir í Fljótsdal; þar var Maríu kirkja, og var hálfkirkja fyrst, en 1306 varð þar staður.¹

1737: 43. 20. 1853: 457. 31. 1868: 680. 89.

	vígður	fékk br.	sleptti dó	aldors ár	emb. ár
Oddur Gizurarson		1180			
Jón.					
Sigmundur.					
Jón Ólafsson.					
Sturla, um 18 ár.					
Guðmundur Þorsteinsson, 10 ár. ² . . .	1384				
Kolgrímur Koðránnsson, 12 ár eða lengur . . .	1502				
Hallur Þorsteinsson fyrir	1540				
Magnús Ketilsson	1553				
Hallvarður Einarsson	1560				
Einar Magnússon fyrir	1582				
Einar Þorvarðsson	1657				
Böðvar Sturluson III, 13	1650	1657	1712	62	
Páll Högnason	1712 ³	{ 1734* } 1738 }			
Magnús Guðmundsson 9	1733				
Hjörleifur Þórðarson 9, 26 . . .	1717	1742	1786	90	69
Páll Magnússon	1760	1786	1788	28	
Vigfús Ormsson 8	1777	1789	{ 1836* } 1841 }	91	59
Stephán Árnason	1812	1836		70	45
Pétur Jónsson 23	1827	1858			

8. Ás í Fellum,

kallast í gömlum málögum Fjallsel undir Ási, og í Vilkins málðaga: undir Ási; þar var Maríu kirkja.⁴

1737: 18. 16. 1853: 220. 60. 1868: 371. 17.

¹⁾ á Skriðu klaustri var bænhús, sem af var tekið með konungsbréfi 20. Januar 1792. Sira Guðmundur Íngimundarson (sjá athgr. við 4), var seinasti prestur á Skriðu klaustri.

²⁾ Þessir fimm prestar eru nefndir í málðaga Vilkins biskups. Guðmundur prestur gipti dóttur sína 1405.

³⁾ kóngsbréfið fyrir kallinu er frá 1687.

⁴⁾ Skriðu klaustur hefir ýmist verið annexía frá Ási eða Valþjófstað (sjá athgr. við 7).

	vígður	fêkk br.	slepti br. ðó	aldurs ár	emb. ár
(8. Ás i Fellum)					
Pétur Freysteinsson (eptir 1600).					
Snjólfur Bjarnason	1631			
Einar Jónsson II, 9	1636	1650	{ 1683* } { 1689 }	...	47.
Bjarni Einarsson (ýngrí)	1685	1729		
Jón Oddsson * 13, 24	1729			
Einar Jónsson 12, 23. IV, 3	1719	1729			
Grímur Bessason 12, 13. III, 13	1748			
Jón Högnason 9, 19	1762			
Þórður Högnason 2, 6	1766			
Vigfús Ormsson 7	1777			
Guðmundur Skaptason 17, 23	1789			
Salómon Björnsson 16, 23	1797			
Einar Björnsson 4, 10, 15	1799			
Sigfús Guðmundsson 2, 13	1772	1800 ²	1810	62	38
Pétur Jónsson 12	1811			
Þórður Gunnlaugsson 12, 14	1817	1831	1837	...	20
Benedikt Þórarinsson 14, 22	1837			
Magnús Jónsson ³ XV, 15. XVI, 8, 13	1851			
Vigfús Guttormsson	1837	1854			
9. Hallormstaður					
eða Hallormstaðir í Skógum; þar var Péturs kirkja.					
1737: 25. 48. 1853: 264. 3. 1868: 411. 47.					
Guðni.					
Jón Þórðarson.					
Jón ⁴ .					
Þorsteinn Andrèsson ⁵	1411		
Einar Árnason.					

¹⁾ St. sleppir Einari, en lætur Sigfús Guðmundsson koma næst eptir Salómon Björnsson, því sira Einar mun aldrei hafa sezt að Ási.

²⁾ veitingin^{24/9} 1799, St.

³⁾ sira Magnús fór frá Ási sem kapellán að Grenjaðarstað (XVI, 8) til fôður síns þar.

⁴⁾ Þessir þrír eru taldir í Vilkins málðaga.

⁵⁾ Þorsteinn prestur drukknaði í Gilsá í Fljótsdal og hafði haldið Hallormstað í mörg ár. Hann hefir verið einhver vinsælastur maður og bezt láttinn af allri alþýðu í Austfjörðum (Annál.).

(9. Hallormstaður)	vígður	fèkk br.	slepti br. dó	aldurs ár	emb. ár
Oddur Arason	1524				
Bartholomeus Egilsson	1530	1538			
Jón Jónsson	1538				
Arnbjörn Árnason	1540				
Ólafur Árnason, var á lífi 1582	1543				
Pórður Jónsson.					
Jón Þorvarðsson 24, var á lífi 1593.					
Hallur Hallvarðsson 5, 26. II, 2	1588				
Hjörleifur Erlendsson	1595	1626			
Eiríkur Bjarnason	1626	1669			
Þorleifur Guðmundsson	1670	1702			
Guðmundur Árnason	1702	1708	29	2	
Eiríkur Bjarnason ³	1708	1726	68		
Eiríkur Jónsson ⁴	1726	1731	63		
Hjörleifur Pórðarson 7, 26	1732				
Magnús Guðmundsson 7	1742	1766			
Jón Högnason 8, 19	1766				
Einar Stephánsson 3	1779				
Gunnlaugur Pórðarson	1786	1792	1830	71	44
Hjálmar Guðmundsson 20	1815	1832	1861	81	46
Sigurður Gunnarsson 14	1845	1861			
10. Þíngmúli					
i Skriðal; Vilkins málðagi kalla: i Múla; þar var Ólafs kirkja.					
1737: 24. 48. 1853: 225. 12. 1868: 340. 58.					
Sigurður, 18 ár og lengur ⁵ .					
Halldór Einarsson.					
Jón Guðmundsson.					
Árni Ólafsson.					
Snorri Hallsson 12, 4 ár.					
Árni Magnússon	1576				
Höskuldur Einarsson 22.					

10. Píngmúli

i Skriðal; Vilkins málðagi kallar: í
Múla; þar var Ólafs kirkia.

1737: 24, 48. 1853: 225, 12. 1868: 340, 58.

Sigurður, 18 ár og lengur⁵.

Halldór Einarsson.

Jón Guðmundsson

Árni Ólafsson.

Snorri Hallsson 12, 4 ár.

1) 1677 St

²⁾ Sk., er segir, að hann hafi andast í stóru hélu

³⁾ Biarnarson. Sk.

⁴⁾ sira Eiríkur var áður prestur að Skriðu klaustri

⁵⁾ sira Sigurður hafði verið 18 ár, þegar saminn var Vilkins málðagi

(10. Þingmúli)	vígður	fékk br.	slepti br. dó	aldurs ár	emb. ár
Gizur Gíslason 21	1615	1647		
Bjarni Gizurarson	1648	1648	{ 1701* 1712 }	91	53
Eiríkur Sölvason	1701	1731	62	
Halli Ólafsson	1731	1732	1767	59	56
Björn Hallason 20, 21	1767			
Jón Hallgrímsson	1779	1788	{ 1810* 1815 }	65	31
Sigfús Finnsson 4	1809	1810			
Einar Björnsson 4, 8, 15	1775	1815	1820	63	45
Engilbert Þórðarson 14	1814	1820	{ 1851* 1862 }	80	57
Bjarni Sveinsson II, 1, 6	1847	1851			
Þorvaldur Ásgeirsson 4	1862	1862			
Þorgrímur Arnórsson 4. XVI, 12	1838	1864			

11. Vallanes

á Völlum í Fljótsdalshéraði. Kirkjan þar var helguð Jóni skírara.

1737: 48. 52. 1853: 427. 63. 1868: 696. 55.

Íngi.

Jón.

Oddur Teitsson¹.

Sigurður Sigurðsson fyrir

Þorvarður Helgason um

Jón Markússon.

Sigmundur Eyjólfsson

Einar Árnason, var á lífi 1583

Þorvarður Magnússon, var þar prestur 1599

Árni Þorvarðsson 21

Eiríkur Ketilsson

Finnur Jónsson² IV, 17.

¹⁾ Oddur prestur Teitsson var ráðsmaður í Skálholti á dögum Vilkins biskups og hafði að veitingu Breiðabólstað í Fljótshlíð og Vallanes, en sira Sigurður þjónaði fyrir hann Vallanesi og galt honum ávöxtinn, að minnsta kosti um nokkurn tíma.

²⁾ sira Finni var veitt Vallanes 1647, en hann dó 1648, aður hann kæmist þangað.

(11. Vallanes)	vígður	fékk br.	slepti br. dó	aldurs ár	emb. ár
Stephán Ólafsson	1649	1649	1688	c. 69	39
Ólafur Stephánsson	1682	1688	{ 1758* } { 1740 }	...	56
